

## REGLUGERÐ

### **um tilkynningu dýrasjúkdóma innan Evrópska efnahagssvæðisins.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla í I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007, frá 1. maí 2010, öðlast eftirfarandi EBE-tilskipun gildi hér á landi:

Tilskipun ráðsins 82/894/EBE frá 21. desember 1982 um tilkynningu dýrasjúkdóma innan bandalagsins.

2. gr.

Tilskipun ráðsins nr. 82/894/EBE er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum og VIII. kafla laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum og 29. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 8. mars 2012.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

---

*Indriði B. Ármannsson.*

**Fylgiskjal.****TILSKIPUN RÁÐSINS****frá 21. desember 1982****um tilkynningu dýrasjúkdóma innan bandalagsins**

(82/894/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,  
einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,  
með hliðsjón af álti Evrópuþingsins (¹),

með hliðsjón af álti efnahags- og félagsmálanefndar-  
innar (²),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Bandalagið hefur gefið út reglugerðir að því er varðar heil-  
brigðiskröfur í viðskiptum innan bandalagsins með naut-  
gripi og svín, nýtt kjötmeti, nýtt alifuglakjöt og kjötafurðir.

Tilteknir smitandi dýrasjúkdómar hafa í för með sér hættu  
fyrir hjarðir í bandalaginu, einkum að þeir breiðist út af  
völdum viðskipta innan bandalagsins. Skjótar og nákvæm-  
ar upplýsingar eru nauðsynlegar svo beita megi varðar-  
ráðstöfunum sem kveðið er á um í reglugerðum  
bandalagsins.

Aðildarríkin skulu tilkynna hvert öðru og framkvæmda-  
stjórninni þegar tilteknir dýrasjúkdómar koma upp eða  
hafa gengið yfir á yfirráðasvæði þeirra, í samræmi við 9.  
gr. tilskipunar ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um  
vanda á svíði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti  
innan bandalagsins með nautgripi og svín (³), eins og henni  
var síðast breytt með tilskipun ráðsins 80/1274/EBE (⁴);  
11. gr. tilskipunar ráðsins 71/118/EBE frá 15. febrúar 1971  
um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með nýtt  
alifuglakjöt innan bandalagsins (⁵), eins og henni var síðast  
breytt með tilskipun ráðsins 80/216/EBE (⁶); 7. gr. til-  
skipunar ráðsins 72/461/EBE frá 12. desember 1972 um  
heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með nýtt  
kjötmeti innan bandalagsins (⁷), eins og henni var síðast  
breytt með tilskipun ráðsins 80/1099/EBE (⁸) og 7. gr. til-  
skipunar ráðsins 80/215/EBE frá 22. janúar 1980 um

(¹) Álti var skilað 12./13. apríl 1982 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum).

(²) Stjóð. EB nr. C 112, 3. 5. 1982, bls. 4.

(³) Stjóð. EB nr. 121, 29. 7. 1964, bls. 1977/64.

(⁴) Stjóð. EB nr. L 375, 31. 12. 1980, bls. 75.

(⁵) Stjóð. EB nr. L 55, 8. 3. 1971, bls. 23.

(⁶) Stjóð. EB nr. L 47, 21. 2. 1980, bls. 8.

(⁷) Stjóð. EB nr. L 302, 31. 12. 1972, bls. 24.

(⁸) Stjóð. EB nr. L 325, 1. 12. 1980, bls. 14.

vanda á svíði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti  
með kjötafurðir innan bandalagsins (⁹), eins og henni var  
síðast breytt með tilskipun ráðsins 80/1100/EBE (¹⁰).

Nauðsynlegt er að mæla sérstaklega fyrir um hvernig til-  
kynningum skuli hagað og hvaða sjúkdómar verði tilkynn-  
ingaskyldir. Einkum ætti að endurskoða reglulega sjúk-  
dómsástandið í hverju aðildarríki.

Í ljósi fenginnar reynslu er þörf á að aðlaga tilkynninguna  
að tæknilegum þörfum, í samræmi við málsmeðferð sem  
krefst náinnar samvinnu milli aðildarríkja og framkvæmda-  
stjórnarinnar.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

1. Í þessari tilskipun er fjallað um tilkynningar um:

- uppkomu sjúkdóms sem er talinn upp í I. viðauka,
- afnám — eftir útrýmingu síðasta sjúkdómstilfellis — takmarkana að því er varðar uppkomu sjúkdóms sem er talinn upp í I. viðauka.

2. Tilskipun þessi gildir með fyrirvara um sérstök ákvæði  
um upplýsingar að því er varðar samhæfingu við útrým-  
ingu og/eða forvarnir gegn dýrasjúkdónum.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér  
segir:

- a) „bújörð“: athafnasvæði (landbúnaðarbýli eða annað  
á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem dýr eru haldin  
eðaaalin;
- b) „tilfelli“: opinber staðfesting sjúkdóms sem er talinn  
upp í I. viðauka í dýri eða skrokki;
- c) „uppkoma sjúkdóms“: bújörð eða staður á yfirráða-  
svæði bandalagsins þar sem dýrum er safnað saman  
og þar sem eitt eða fleiri tilfelli hafa verið opinber-  
legastaðfest.

(⁹) Stjóð. EB nr. L 47, 21.2. 1980, bls. 4.

(¹⁰) Stjóð. EB nr. L 325, 1. 12. 1980, bls. 16.

d) „frumuppkoma sjúkdóms“: uppkoma sem hefur ekki dýrafarsóttarfræðileg tengsl við fyrri tilfelli á sama svæði aðildarríkis eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar 64/432/EBE eða fyrsta uppkoma á öðru svæði í sama aðildarríki.

*3. gr.*

1. Aðildarríki skal, innan 24 klukkustunda, tilkynna beint, bæði framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum:

- um frumuppkomu sjúkdóms sem er talinn upp í I. viðauka og staðfestur á yfirráðasvæði þess;
- afnám — eftir útrýmingu síðasta sjúkdómstilfells — takmarkana að því er varðar tilfelli af sjúkdómi sem er talinn upp í I. viðauka.
- 2. Tilkynningarnar sem um getur í 1. mgr. skulu fela ísér upplýsingarnar í II. viðauka og sendast með fjarrita.
- 3. Að því er varðar svínapest skulu upplýsingarnar sem kveðið er á um samkvæmt tilskipun ráðsins 80/217/EBE frá 22. janúar 1980 um ráðstafanir bandalagsins vegna eftirlits með svínapest (<sup>1</sup>), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 80/1274/EBE (<sup>2</sup>), vera taldar fullnægjandi.

*4. gr.*

1. Með fyrirvara um ákvæðin sem um getur í 2. mgr. 1. gr., skal aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni beint, hið minnsta fyrsta virka dag viku hverrar, síðari uppkomu sjúkdóms sem er talinn upp í I. viðauka og staðfestur á yfirráðasvæði þess.

Tilkynningin skal taka til vikunnar sem lýkur á miðnætti sunnudagsins fyrir tilkynningu.

Framkvæmdastjórnin skal taka saman upplýsingar og senda þær síðan til aðalstöðva dýralækninga í hverju aðildarríki.

2. Hafi framkvæmdastjórnin ekki fengið neinar upplýsingar skal litið svo á að ekki hafi verið um að ræða nein tilvik um síðari uppkomu á því tímabili sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr.

3. Í tilkynningunum sem um getur í 1. mgr. skulu vera upplýsingarnar í II. viðauka og sendast með fjarrita.

*5. gr.*

1. Áður en tilskipun þessi kemur til framkvæmda ber að ákvæða, í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir

(<sup>1</sup>) Stjórd. EB nr. L 47, 21.2. 1980, bls. 11.  
(<sup>2</sup>) Stjórd. EB nr. L 375, 31. 12. 1980, bls. 75.

um í 6. gr., hvaða kerfi skuli haft á skráningu þeirra upplýsinga sem ber að senda samkvæmt II. viðauka.

2. Ákveða má í samræmi við málsmæðferðina í 6. gr.:

— að bæta við eða breyta viðaukunum,

— þrátta fyrir 4. gr. og í ljósi viðkomandi sjúkdóms og einkum þróunar dýrafarsóttar, að breyta tímabundið umfangi, innihaldi og tiðni tilkynningarinnar.

*6. gr.*

1. Þegar fylgja skal málsmæðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni að vísa málinu án tafar til fastanefndarinnar um dýraheilbrigði sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins frá 15. október 1968 (hér á eftir kölluð „nefndin“), annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álití sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málid er. Álit skal samþykkt með 45 atkvæða meirihluta.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykka ráðstafanirnar og beita þeim þegar í stað séu þær í samræmi við álit nefndarinnar. Séu ráðstafanirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álití, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem geraskal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki samþykkt neinar ráðstafanir innan þriggja mánaða frá því að málinu var vísað til þess skal framkvæmdastjórnin samþykka fyrirhugaðar ráðstafanir og koma þeim þegar í stað til framkvæmda nema einfaldur meirihluti í ráðinu hafi greitt atkvæði gegn þeim.

*7. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1984. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

*8. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. desember 1982.

*Fyrir hönd ráðsins,  
O. MÖLLER forseti.*

Nr. 254

8. mars 2012

*I. VIDAUKEI*

**Tilkynningaskyldir sjúkdómar**

Gin- og klaufaveiki

Nautapest

Illkynjuð brjósthimnubólga í nautgripum

Blátunga

Blöðruveiki í svínum

Svínapest Afrikusvínapest

Smitandi lómunarveiki í svínum („Teschen-veiki“)

Hænsnapest Newcastle-veiki

---

*II. VIDAUKI*

**Upplýsingar sem fylgja tilkynningunni**

1. Upplýsingar sem krafist er samkvæmt 3. gr. við frumuppkomu sjúkdóms sem er talinn upp í I. viðauka:

1. Sendingardagur
2. Sendingartími
3. Heiti aðildarríkis
4. a) Heiti sjúkdóms  
b) Heiti veiru, þar sem við á
5. Staðfestingardagur
6. Landfræðileg staðsetning bújarðarinnar
7. Fjöldi móttækilegra dýra á bújörðinni a) nautgripir, b) svín, c) sauðfé, d) geitur, e) alifuglar,
8. Fjöldi dýra sem slátrað er a) nautgripir, b) svín, c) sauðfé, d) geitur, e) alifuglar
9. Fjöldi skrokka sem fargað er a) nautgripir, b) svín, c) sauðfé, d) geitur, e) alifuglar.

2. Upplýsingar sem krafist er samkvæmt 4. gr. við síðari uppkomu sjúkdóms sem er talinn upp í I. viðauka:

1. Sendingardagur
2. Sendingartími
3. Heiti aðildarríkis
4. Fyrir hvern tilkynntan sjúkdóm skal tilgreina:
  - a) heiti sjúkdóms
  - b) fjölda sjúkdómsuppkoma

3. Upplýsingar sem krafist er samkvæmt 3. gr. um afnám takmarkana sem settar eru í aðildarríki eftir útrýmingu síðustu tilfella af sjúkdómi sem er talinn upp í I. viðauka.

1. Sendingardagur
  2. Sendingartími
  3. Heiti aðildarríkis
  4. Heiti sjúkdóms
  5. Dagur sem takmarkanir eru afnumdar
- 

B-deild – Útgáfud.: 13. mars 2012